

## Gróðurhúsið opnar í Hveragerði í sumar



Gróðurhúsið er nýr áfangastaður í Hveragerði sem opnar í sumar. Þar verður boðið upp á fjölbreytta þjónustu fyrir íbúa Hveragerðis og nágrennis en einnig munu Íslendingar á ferðinni og erlendir ferðamenn fundið margt spennandi við sitt hæfi. Á neðri hæðum Gróðurhússins verða verslanir,

kaffihús, mathöll, bar, sækerverslun og ísbúð en efri hæðir hýsa Greenhouse Hotel sem telur 49 herbergi og útiverönd.

Við uppbyggingu Gróðurhússins hefur sjálfbærni verið höfð að leiðarljósi og nafnið því vel við hæfi enda Hveragerði þekkt fyrir sín fjölmörgu gróðurhús. Markmiðið er að

gestir geti staldrað við í fallegu umhverfi og notið alls þess sem Gróðurhúsið hefur uppá að bjóða. Hálfán Pedersen sér um heildar hönnun og útlit Gróðurhússins en samvinna er með Flóru garðyrkjustöð um ráðgjöf um gróður hússins sem að sjálfsögðu er í aðalhlutverki í sjálfum Blómabænum.



Á þessum fallega stað á Laugarvatni er ráðgert að húsnæði fyrir skipulags- og byggingafultrúa risi.

## Byggt nýtt húsnæði fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita á Laugarvatni

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt að byggja nýtt húsnæði undir starfssemi Umhverfis og tæknisvið Uppsveita á Laugarvatni. Umhverfis og tæknisvið Uppsveita er byggðasamlag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpsverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps um skipulags- og byggingamál. Embættið hefur verið í húsnæði á Laugarvatni sem er í eigu Bláskógabyggðar sem er orðið of lítið fyrir starfseminu. Í samtali við

Helga Kjartansson, oddvita Bláskógabyggðar, kom fram að ráðgert sé að byggja húsið á lóð sem er vestan við íþróttahúsið. Á því svæði er búið að skipuleggja lóðir fyrir verslun- og þjónustu. „Næstu skref í málinu eru að taka ákvörðun um hvort fara eigi í alútbod á verkinu eða aðra leið. Við áætluðum að húsið verði tekið í notkun síðla árs 2022 og hlökkum til að geta boðið starfsfólki og viðskiptavinum upp á betri aðstöðu. Það eru mikil umsvif hjá embættinu, enda mikið byggt á því svæði sem það þjónar.“

## Búi Steinn fyrstur í mark eftir 160 km

Salomon Hengill Ultra Trail Svar haldið í tíunda sinn daga 4-5. júní sl. Um 1350 keppendur tóku þátt en þetta er stærsta utanvega hlaup Íslands. Meðan á hlaupinu stóð er óhætt að segja að bæjarbragur Hveragerðisbæjar hafi breyst í hálfgerðan hlaupa bæ og ákveðin karníval stemning lá yfir bænum. Hlaupið er eins og flestir þekkja ekki auðvelt né einfalt en lengsta hlaupið er um 160 km að lengd. Auðvitað er hægt að fara styttri vegalengdir og stilla sér í hóf en skemst er hægt að hlaupa fimm km. Þá er



umhverfi hlaupsins þekkt fyrir gríðalega náttúrufegurð og að vera skemmtilega krefjandi og sagt hefur verið að hlaupaleiðin sé ein sú fallegasta sem finnst á Íslandi.

Sá sem fyrstur kom í mark í

160 km hlaupinu var Búi Steinn Kárason. Alls tók það Búa 23:50:40 klst að hlaupa þessa vegalengd. Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir sigraði í kvennaflokki á tímanum 26:17:18 klst.



Grímulaus gleði var á sjómannaþinginu við Eyrarbakkabryggju. Dorgveiði og siglingar með börnin mæltust vel fyrir. Skúraleiðingar komu ekki í veg fyrir það að börn jafnt sem fullorðnir gerðu sér gláðan dag, þó hátíðin væri smærri í sniðum en alla jafna.

# Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



## FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI  
Fossnesi 14, Selfossi,  
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

## Boggugarðar



- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

**Sólborg Ósk Kragh**  
**GARÐYRKJUFRAEÐINGUR**

Sími 895 2766  
solborgosk@gmail.com

 Erum á Facebook




## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**



**Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is -  /keyrsla.is**



## Sveitarfélagið ÁRBORG

### VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

#### Kynningarfundur á Eyrarbakka

**Haldinn að Stað, mánudaginn 14. júní kl. 20.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur skv. lögum um Verndarsvæði í byggð, látið meta hvort lög um verndarsvæði í byggð eigi við um elsta hluta þorpsins á Eyrarbakka. Á grundvelli þess mats, sem fram kemur í greinargerð verkefnisins, leggur bæjarstjórn til að sá hluti þorpsins á Eyrarbakka, sem samkvæmt aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 fellur undir hverfisvernd, fái stöðu verndarsvæðis í byggð. Svæðið er um 28 ha að stærð og nær yfir elsta hluta Eyrarbakka þar sem flest hin svokölluðu aldamótahúsa standa og voru byggð út frá jörðunum Einarshöfn, Skúmsstöðum og Háeyri.

Markmið kynningarfundarins er að kynna fyrir íbúum og hagsmunaaðilum þá vinnu sem liggur orðið fyrir í formi greinargerðar og tillögu fyrir verkefnið „Eyrarbakki – Verndarsvæði í byggð“.

Tillögu og greinargerð verkefnisins sem kynntar verða á fundinum er hægt að nálgast á heimsíðu Árborgar, [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Áhugasamir eru hvattir til að mæta.

*Sveitarfélagið Árborg*

## Ekki gleyma okkur – við eigum mikið undir!

Fyrstu bólusettu ferðamennirnir lentu á Keflavíkurlflugvelli í byrjun maí og fer sem betur fer stöðugt fjölgaandi. Um leið vakna vonir um að við séum saman að sigla út úr þessari lægð og segja skilið við sögulegt atvinnuleysi og eina dýpstu kreppu sem við höfum séð í hundrað ár.

Af Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa og aðildarfélögum þeirra er það hins vegar að fréttu að við virðumst hafa gleymst. Íslensku handverksbrugghúsin sem telja á þriðja tug, tryggja um 200 manns störf í sinni heimabyggð og hvað sem afkomu þeirra líður skila þau tugum milljóna í skatttekjur á ári. Handverksbrugghúsin eru mikil lyftistöng fyrir nærumhverfi sitt. Sum þeirra eru staðsett á svæðum sem teljast til brothættra byggða þar sem hvert starf skiptir sköpum fyrir samfélagið.

Í byrjun árs lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um heimild fyrir íslensk handverksbrugghús til þess að selja

vörur sínar beint á framleiðslustað. Þetta mál skiptir miklu máli þegar litið er til framtíðarmöguleika þessarar iðngreinar sem hefur átt undir högg að sækja síðustu misseri. Þessi lagaþreying er sáræinföld og staðreyndin er sú að ef brugghúsum yrði leyft að selja vörur sínar beint á framleiðslustað væri aðgengi að áfengi ekki að aukast. Eini munurinn væri sá að bjórdós, sem þegar má selja opna, mætti selja lokaða til innlendra og erlendra ferðamanna. Vörurnar yrðu einungis seldar á stöðum þar sem fólk á löglegum áfengiskaupsaldri má koma saman, rétt eins og gildir á vínveitingastöðum.

Árið 2021 viljum við geta státað okkur af því að búa í samfélagi sem styður við innlenda framleiðslu. Brugghús eru hluti af þeirri mynd. Þau stunda viðskipti á hagkvæman og umhverfisvænan hátt og þessi lagaþreying hefði jákvæð áhrif fyrir neytendur, umhverfið og um leið afkomu brugghúsanna. Þannig væri iðngreininni veitt tækifæri

**Laufey Sif Lárusdóttir**

Formaður samtaka Ísl. handverksbrugghúsa



til þess að standa stöðugri, skapa fleiri störf og auka tekjur fyrir byggðalögin og ríkissjóð.

Ferðamannasumarið er að hefjast og við finnum fyrir miklum áhuga á íslenskum, ferskum og fjölbreyttum vörum. Þinglok nálgast óðfluga en ekkert hefur spurst til frumvarpsins frá því að ráðherra lagði það fram.

Ekki gleyma okkur - þetta sumar skiptir okkur miklu máli til að ná óflugri viðspyrnu eftir erfitt ár. Nú er tíminn fyrir þingmenn allra flokka að sameinast um þetta mál.

Við erum nefnilega mörg og allskonar, einstaklingar og byggðalög, sem eigum mikið undir.

*Fyrir hönd Samtaka íslenskra handverksbrugghúsa.*

## Húsmæðraorlof tímasekkja að mati bæjarráðs Hveragerðisbæjar

Ífundargerð bæjarráðs Hveragerðisbæjar er ítrekuð sú afstaða bæjarráðs og fjölmargar bókanir þess efnis að húsmæðraorlofi sé tímasekkja. Þá bendir bæjarráð á að óskiljanlegt sé að löggjafarvaldið afnemi ekki orlof til húsmæðra. „Bæjarráð lýsir furðu sinni á því að frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra sem lagt var fram Alþingi í mars árið 2017 hafi ekki orðið að lögum. Það er furðuleg tímasekkja að upplifa þá mismunum milli kynja sem þessi löggjöf felur í sér. Einnig er það með öllu óskiljanlegt að engin skoðun skuli fara fram á fjárhagslegri stöðu þiggjenda ferðapeninganna en slíkt er í undarlegri mót-sögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar. Að sveitarfélög séu skylduð til að greiða fyrir skemmtiferðir, mögulega mjög

velstæðra kvenna, með fjármunum almennings er með öllu ólíðandi. Bæjarráð hvetur alþingismenn og verðandi alþingismenn til að endurflytja og samþykkja frumvarpið frá árinu 2017 og leggja þar með af þetta löngu úrelða fyrirkomulag.“

### Sveitarfélagin skuldbundin til að láta fé í ferðasjóðinn

Í bréfi frá Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu kemur fram kostnaður hvers sveitarfélags fyrir sig. Árborg greiðir lang hæsta framlagið eða 1.259.571 kr. og Hveragerðisbær greiðir alls 334.777 kr. Heildar-

upphæð sveitarfélaganna er 2.804.509 kr.

### Skiptar skoðanir um málið

Skiptar skoðanir voru um frumvarpið þegar það var lagt fram á sínum tíma. Kvenfélagssambönd og orlofsnefndir mótmæltu því og sögðu húsmæðraorlofið gagnast mörgum heimavinnandi konum sem ekki ættu aðra möguleika á orlofi. Því væri verið að ráðast á garðinn þar sem hann væri lægstur. Sveitarfélög sögðu þetta hins vegar tímasekkju og í hróplegu ósamræmi við jafnréttisáherslur.



## Samsýningin Lífssögur í Listagjá Bókasafns Árborgar

Sýningin *Lífssögur* sem sýnd er í Listagjánni, sýningar-rými Bókasafns Árborgar Selfossi er ætlað að varpa örlitilli sýn inn í líf tveggja fjölskyldna sem fluttu á Selfoss á tímabilinu 1960-1970. Á sýningunni má sjá veglega ljósmyndabók þar sem rakinn er ættar og lífssaga hjónanna Gísla Sigurðssonar og Georgínu Stefánsdóttur Sedlacek ljósmóður frá Vínarborg og einnig bókverk Helgu R. Einarsdóttur þar sem hún segir frá lífssögu sinni. Báðar þessar fjölskyldur létu til sín taka í bæjarlífinu á Selfossi og settu svip



sinn á mannlífið í þessum unga bæ. Sýningin er opin á opnunar-



tíma Bókasafns Árborgar.



# GLÆSILEGUR DÖMUFATNAÐUR

STÆRÐIR  
36-54

Vefverslun okkar er [www.tiskuverslun.is](http://www.tiskuverslun.is)

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

## Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í  
auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)



Myndlistanámskeið  
fyrir 8-12 ára

21.-25.júní  
Listasafn Árnesinga  
Hveragerði

28.júní-2.júlí  
BrimRót  
Stokkseyri

Skráning:  
[listastrondin@gmail.com](mailto:listastrondin@gmail.com)  
[facebook.com/listasmidja](https://www.facebook.com/listasmidja)



## Fjármála- og trygginga- ráðgjöf á einum stað í útibúum Arion banka

Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í  
útibúum Arion banka á Höfða,  
Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund  
á [arionbanki.is](http://arionbanki.is).

[arionbanki.is](http://arionbanki.is)



 vörður

## Styðjum Hafdísí Hrönn í 3. sætið

Helgi Sigurður Haraldsson

forseti  
bæjarstjórnar í  
Svf. Árborg.



Framundan er prófkjör Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, en það fer fram 19. júní. Margt frambærilegt fólk gefur kost á sér til þátttöku og hefur mikinn metnað til að stefna hátt. Það er með markmið að taka þátt í landsmálapólitíkinni og stefna að því að komast á

Alþingi okkar Íslendinga. Þessir frambjóðendur hafa undanfarnar vikur ferðast um kjördæmið og kynnt sig og sýn sína á þjóðmálin. Einn þessara frambjóðenda er Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, sem býr á Selfossi, en hún sækist eftir 3. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi. Mín fyrstu kynni af Hafdísí Hrönn, voru þegar hún flutti á Selfoss og hóf að taka þátt í starfi okkar Framsóknarmanna í Sv. Árborg. Strax frá fyrstu kynnum sá ég að þar fór kona sem einstaklega gott er að vinna með og tilbúin að gefa sig í verkefni sem henni

eru falin. Hún er fulltrúi unga fólksins sem er í þeirri stöðu að stofna fjölskyldu og koma sér upp eigin heimili. Hún veit hvaða áskoranir það eru og getur ljáð þessum hópi rödd sína. Hún er einstaklega jákvæð og alltaf tilbúin að setja sig inn í þau verk efni sem hún tekur að sér; taka þau mjög alvarlega og setja allan kraft sinn í þau. Það hefur verið einstaklega gaman og gefandi að vinna með Hafdísí Hrönn og hvet ég ykkur til að styðja hana í 3. sætið í prófkjörunu sem framundan er. Ég styð Hafdísí Hrönn í 3. sætið.

## Skapandi leiklistarnámskeið fyrir börn, á Stað, Eyrarbakka

Leikkonurnar Hera Fjörð Log Rebekka Magnúsdóttir verða með skapandi leiklistarnámskeið í sumar fyrir krakka á Eyrarbakka og nágrenni. Námskeiðið kallast „Listin að leika sér“ - „Og það er akkurat það sem við ætlum að gera; leika okkur, og læra leiklist,“ segir Hera Fjörð, ein umsjónarkvenna námskeiðsins.

Hera og Rebekka eru báðar menntaðar leikkonur og leikstjórar. Þær útskrifuðust frá skóla í London sem heitir The Kogan Academy of Dramatic Arts. Þegar þær voru loks báðar fluttar heim til Íslands aftur ákváðu þær að taka höndum saman og skemmtilegt námskeið handa börnum. Þær hafa víðtæka reynslu í leiklistarkennslu ásamt því að vinna sjálfstætt sem leikkonur, leikstjórar, framleiðendur, höfundar og kennarar.

### Afhverju Eyrarbakki?

Hera býr á Eyrarbakka og hefur gert um skeið. Hún tók strax eftir því að það vantaði meira framboð af leiklistarkennslu fyrir börnin hér á Suðurlandi. „Það er ákveðinn hópur barna sem finnur sig ekki í íþróttastarfi eða þeim tólmstundum sem boðið er upp á, sá hópur ungmenna er vanræktur í Árborg og væri óskandi að hér væri boðið upp á fleiri listgreinar allt árið um kring. Niðri við ströndina þurfa foreldrar líka stöðugt að skutla börnunum sínum á Selfoss og viljum

við auka á framboð námskeiða þar. Þess vegna ákváðum við að fá Ungmennafélag Eyrarbakka með og hafa námskeiðið á Stað, Eyrarbakka,“ segir Hera ákveðin.

„Eyrarbakki, Stokkseyri og sveitirnar í kring hafa upp á mikla sögu að bjóða og þær verða nýttar í handritaskrifum á námskeiðunum. Okkur fannst tilvalið að nota þennan efnivið fyrir krakkana til að búa til sín eigin leikrit og læra um sögu svæðisins um leið.

Hvert námskeið endar á sýningu fyrir vini og vandamenn, þar sem við heyrum gamlar sögur fá nýtt líf í verkum krakkana,“ segir Hera.

### Frelsi til að prófa sig áfram í þáttum leikhússins

„Markmið námskeiðisins er að þátttakendur læri undirstöðuatriðin í leiklist, kynnist hugmynda- og samvinnu, hljóti aukna sjálfsþekkingu og samkennd, bæti sjálfstraust sitt og gleði. Börnin munu fá frelsi til þess að prófa sig áfram í þeim þáttum sem þeim þykja áhuga-verðastir innan leikhússins. Við einblínum á öruggt umhverfi þar sem við treystum hvoru öðru og þau geta prófað sig áfram með sínar hugmyndir. Nemendur koma að gerð handrits, leikstjórnar, búninga, sviðsmyndar, hljóðmyndar, sviðslýsingar auk þess að leika. Allir ættu því að fá fjölbreytta reynslu af þeim mörgu störfum sem leynast í leikhúsinu,“ segir Hera að lokum.

## Tómas Ellert gefur kost á sér í annað sæti

Ég hef tilkynnt formanni Euppstillingarnefndar Miðflokksins í Suðurkjördæmi um að ég sækist eftir öðru sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í haust.

Tímasetning tilkynningar minnar er engin tilviljun. Hana ber uppi á 104 ára afmælisdegi móðurömmu minnar heitinnar sem átti sínar sterku rætur hér á Suðurlandi. Fyrir henni bar ég ætíð mikla virðingu enda lá hún aldrei á skoðunum sínum hvort sem var um stráklæti mín eða þjóðmálaumræðuna.

Sem stofnfélagi í Miðflokknunum hef ég tekið mjög virkan þátt í starfi flokksins frá upphafi og starfa nú í kjördæmaráði Miðflokksins í Suðurkjördæmi. Ég tel mig ekki þurfa að sanna eitt eða neitt, fyrir einum né neinum. Ég hef látið verkin tala á liðnu kjörtímabili í Sv. Árborg sem segir alla þá sögu sem segja þarf um verk mín, orð og efnidir. Það ætti enda engum að dyljast á uppgangur sem hefur verið í Sv. Árborg undanfarin

ár. Í störfum mínum sem bæjarfulltrúi í meirihlutasamstarfi í bæjarstjórn hef ég tekið mjög virkan þátt í þeim verkefnum sem unnin hafa verið sem formaður eigna- og veitunefndar auk starfa minna í bæjarstjórn og bæjarráði.

Kæru félagar, að baki þessari ákvörðun minni er mikill vilji til að láta gott af mér leiða fyrir kjördæmið og Ísland allt. Ég er þakklátur fyrir þann stuðning og hvatningu sem ég hef fengið að undanförmu sem að lokum hefur leitt til þessarar ákvörðunar minnar.

Mér er það alveg ljóst að uppstillingarnefndar bíður ærið verkefni að stilla upp sterkum framboðslista fyrir kosningarnar í haust. Markmið Miðflokksins í Suðurkjördæmi er að ná tveimur þingsætum í kosningunum enda eigum við ekki að sætta okkur við minna. Það vantaði lítið upp á að það tækist árið 2017, en nú eru öll teikn á lofti um að það muni takast. Til að svo megi verða, þurfum við að nýta allt sem í okkar vopnabúri býr og



Tómas Ellert Tómasson

leggjast á eitt um að tala skýrt fyrir þeim gildum og málefnum sem Miðflokkurinn stendur fyrir. Það er einfaldlega nauðsyn fyrir land og þjóð, nú þegar fyrir liggja stór verkefni við endurreisn landsins, að Miðflokkurinn nái sem mestum styrk í næstu alþingiskosningum, þann slag vil ég taka af fullu afli.

Tómas Ellert Tómasson,  
byggingarverkfræðingur og  
bæjarfulltrúi Miðflokksins  
í Sv. Árborg.

## Dagskrá sjómannaþingsins á Eyrarbakka fór vel fram

Það er gaman að geta farið á viðburði og séð mann og annan. Hlajandi börn og glaðir foreldrar. Samkvæmt venju var Björgunarsveitin Björg með spennandi dagskrá þó hún væri smá í sniðum miðað við meðalár. Boðið var upp á hjólaþrautir við björgunarsveitarhúsið þar sem allir fengu Prins Póló og Svala. Þá var dorgveiðikeppni fyrir alla aldurshópa á bryggjunni. Gert var ráð fyrir að þyrla

LHG mætti um kl: 12. Þá bauð Björgunarsveitin öllum upp á að skreppa í skemmtisiglingu á bátum félagsins, en það mæltist

einkar vel fyrir eins og áður hjá þeim sem sóttu skemmtunina heim. -spp



Mynd: Gunnar Páll Pálsson



DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,

sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,

gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,

sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum

miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25,

Selfossi, fyrir hádegi á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Dreift ókeypis í allar sýslur austan

Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að

samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Prestarnir mér sífellt sinna.  
Svangur gestur vel mín naut.  
Í miðri bæn mig er að finna.  
Mig „hinn smurði“ forðum braut.

82%

Sunnlendinga  
lesa Dagskrána  
í hverri viku\*

DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nei  
18%

Já  
82%

\*samkvæmt Gallup-könnun  
okt. - nóv. 2018

**BYKO**



# Sumarhátíð

**BYKO** 10.-17. júní

Fjöldi tilboða

Fylgstu með á [byko.is](http://byko.is)

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu [byko.is](http://byko.is)





Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

## Setning vinnuskóla Árborgar 2021

*Fyrra tímabil*

Setning vinnuskóla Árborgar fer fram í Fjallasal  
Sunnulækjarskóla, fimmtudaginn 10. júní klukkan 18:00.

Þá gefst foreldrum og forráðamönnum þeirra barna sem hefja störf á fyrra tímabili vinnuskólans - 14.06.2021-13.07.2021- (8. bekkur og 10. bekkur) kostur á að koma og fá kynningu á vinnuskólanum, hitta starfsmenn, spyrja spurninga og ræða um komandi sumar.



## STARFSMAÐUR ÓSKAST

Fiskmarkaður Íslands í Þorlákshöfn auglýsir eftir starfsmanni í sölu, móttöku og afgreiðslu á fiski. Um ræðir 100% starf þar sem unnið er talsvert á lyftara sem og í samskiptum við viðskiptavini og aðra þjónustuaðila.

- Æskilegt er að umsækjandi hafi Lyftararéttindi
- Æskilegt er að umsækjandi haf grunnþekkingu í tölvum
- Umsækjandi þarf að hafa afbragðs færni í samskiptum, jákvætt viðmót og ríka þjónustulund
- Umsækjandi þarf að vera 18 ára eða eldri
- Ferilskrá kostur

Umsóknarfrestur til 15. júní n.k.

Fyrir áhugasama hafið samband við:  
Vilhjálm Garðarsson stöðvarstjóra  
Netfang: villi@fmis.is - Sími: 430-3733, 840-3733



Skálholtskirkja - 12. júní kl. 16:00

Langholtskirkja - 13. júní kl. 16:00

Á EFNISKRÁ ERU NORRÆN LÖG AUK  
ÍSLENSKRA LAGA VIÐ LJÓÐ DAVÍÐS  
STEFÁNSSONAR OG PÁLS ÓLAFSSONAR.

Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson

Miðaverð: 3.500 kr við inngang

## Andlát:

# Þorbjörg Sigurðardóttir

† Þorbjörg Sigurðardóttir fæddist á Eyrarbakka 24.3' 1927. Hún lést á Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum þ. 5. júní 2021. Fljótlega eftir fæðingu fluttist Þorbjörg á Selfoss með foreldrum sínum, þeim Sigurði Óla Ólafssyni fyrrv. alþingismanni (1896-1992) og Kristínu Guðmundsdóttur húsmóður (1904-1992). Systir Þorbjargar er Sigríður Ragnar Sigurðardóttir f. 25.9' 1943, gift Hákonu Ólafssyni verkfræðingi.

Þorbjörg giftist Kolbeini Inga Kristinssyni fyrrv. kaupmanni (f. 1.7'1926 d. 30.11' 2010) þann 16. apríl 1949 og átti með honum farsælt hjónaband í 62 ár. Kjörsonur Þorbjargar og Kolbeins er Sigurður Kristinn, viðskiptafræðingur, f. 11.2'1960, giftur Eddu D. Sigurðardóttur snyrtifræðingi, f. 11.12'1958. Foreldrar Eddu voru Sigurður Ásmundsson sendifulltrúi (1932-1999) og Karí Karólína Eiríksdóttir,

sjúkraliði (1935-2016). Börn Sigurðar og Eddu eru Eva Katrín, Andrea Þorbjörg og Kristín Edda. Barnabörn Sigurðar og Eddu eru 6 talsins.

Þorbjörg gekk í Kvenna-skólann í Reykjavík og eignaðist þar nokkrar lífstíðarvinkonur sem stofnuðu saumaklúbb sem starfaði í tæplega 75 ár. Hún var einnig í saumaklúbb með æskuvinkonum frá Selfossi um margra ára skeið. Þorbjörg og Kolbeinn fluttu til Reykjavíkur árið 1955 og voru búsett þar í tæp 30 ár. Þau ráku saman verslunina Kostakjör í Skipholti 37 á árunum 1964-1974 ásamt foreldrum Þorbjargar. Eftir að Kolbeinn tók við starfi kaupfélagsstjóra hjá Höfn á Selfossi árið 1975 fluttu þau hjónin í kjölfarið aftur á Selfoss og bjuggu þar til æviloka. Þorbjörg var mikil fjölskyldumanneskja og tók einnig

mikinn þátt í félagsstarfi. Hún gekk ung í Skátahreyfinguna sem hún bar ávallt mikinn hlýhug til. Þá var hún félagi í Oddfellow-reglunni og stúkunni Þóru á Selfossi og tók þátt í kvenfélagsstörfum bæði í Reykjavík og á Selfossi. Hún var einnig mikill golfunnandi eftir miðjan aldur og þau hjónin léku golf nánast allan ársins hring meðan líf og heilsa leyfði. Þorbjörg lét sér einnig annt um myndlist og málaði mikið síðustu áratugin og var m.a félagi í Myndlistarklúbbi Selfoss. Eftir að Kolbeinn lést árið 2010 flutti Þorbjörg í Grænumörk 5 þar sem henni leið ávallt mjög vel. Þegar heilsu hennar tók að hraka flutti hún á Hjúkrunarheimilið Ljósheima þar sem hún dvaldi síðustu æviár sín.



## Heiðursmóttaka fyrir bikarmeistara í fimleikum á Hótel Selfossi

Fimmtudaginn 3. júní sl. var haldin heiðursmóttaka á Hótel Selfossi fyrir 1.flokk stúlkna og 1. flokk mix hjá fimleikadeild Selfoss sem urðu bikarmeistarar 2021 í sínum flokkum á bikarmóti fimleikasambands Íslands 23. maí sl. Þetta var lítil en hátíðleg athöfn þar sem nýkrýndir bikarmeistarar í hóp fimleikum voru boðaðir ásamt þjálfurum sínum og foreldrum.

Sigríður Ósk, framkvæmdastjóri fimleikadeildarinnar hóf dagskrána með því að óska iðkendum og þjálfurum til hamingju með einstakan árangur. Ánægjulegt var að sjá hversu stór og þéttur hópur foreldra mætti með börnum sínum. Viktor Pálsson formaður ungmennafélags Selfoss kom og talaði yfir hópinn. Hann óskaði til hamingju með glæsilegan árangur, talaði um árangur og fyrirmyndir. Fimleikadeildinni voru færð blóm frá ungmennafélaginu.

Einnig mættu á svæðið fyrir hönd sveitarfélagsins Guðbjörg Jónsdóttir formaður frístunda- og menningarnefndar sveitarfélagsins Árborgar sem sagði nokkur orð og ásamt Braga Bjarnasyni færðu þau iðkendum og þjálfurum gjafir frá sveitarfélaginu. Það liggur mikil vinna að baki hjá iðkendum sem mæta hér í dag og þjálfurum þeirra eins og fram kom í máli Sigríðar Óskar. „Síðustu 15 mánuðir hafa verið ykkur og reyndar heiminum öllum nokkuð erfiðir en með dugnaði, þrautseigju, jákvæðni og einstakri þolinmæði komust þið í gegnum þennan



erfiða tíma þegar þið máttuð ekki æfa og þegar þið máttuð það þurftuð þið að fylgja mis róttækum sóttvarnareglum, þið máttuð ekki æfa öll saman, skipt var upp í hópa eftir aldri og fjölda og hringlað mikið í stundatöflu svo að allir gætu æft þegar það mátti. Þið fóruð ekki á neitt mót í heilt ár og því var án efa erfið að gíra sig upp í keppni þegar að því kom (þó svo öllum hlakkaði til að keppa) en þið sýnduð það og sönnuðuð að þið eruð sterk og þið eruð sterk saman. Árangur ykkar er glæsilegur og við erum virkilega stolt af ykkur og þjálfurum ykkar. Mig langar á þessum tímamarki að

nefna það að þessi sigur er mjög stór fyrir fimleikadeild Selfoss en æfingaaðstaðan hjá okkur er langt frá því að vera nógu góð. Við höfum verið að sækja æfingar til Reykjavíkur með stóran hluta af okkar iðkendum (sem hafa reyndar ekki mátt vera síðan covid skall á) til að vera samkeppnishæf öðrum liðum. Ég veit ekki hvort fólk almennt átti sig á því hversu stór sigur þetta er fyrir okkur. Að vinna stærstu klúbba landsins sem eiga stór og glæsileg fimleikahús gerir þennan sigur enn sætari. Árangurinn ykkar er einstakur og ég vil að þið séuð stolt og montin með ykkur.“

-gpp

# Takk fyrir stuðninginn!



Nú horfum við fram á veg full bjartsýni og eftirvæntingar með það eitt að leiðarljósi að láta gott af sér leiða. Sjálfstæðisflokkurinn er skýr kostur þeirra í komandi alþingiskosningum sem vilja byggja íslenskt samfélag á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmunum allra stétta að leiðarljósi. Við fylgjum stefnu sem á traustar rætur í mannréttindum, jafnræði, frelsi og ábyrgð einstaklingsins.

Við göngum full tilhlökkunar til kosninga í haust.

*Guðrún Hafsteinsdóttir,  
oddviti Sjálfstæðismanna í  
Suðurkjördæmi.*

Nú að afloknu velheppnuðu prófkjöri Sjálfstæðismanna hér í Suðurkjördæmi er mér bæði ljúft og skylt að þakka öllum þeim sem tóku þátt í prófkjörinu kærlega fyrir stuðninginn.

Það var sérstaklega ánægjulegt að kjörsóknin var meiri en í síðasta prófkjöri eða tæplega 4.700 manns. Við frambjóðendur erum afskaplega þakklát fyrir stuðning og hvatningu og höfum fengið dýrmætt veganesti í sjálfa kosningabaráttuna.

Suðurkjördæmi er á margan hátt sérstakt. Það er víðfeðmt og í fljótu bragði getur maður spurt sig hvað fólk eigi til að mynda sameiginlegt á Kirkjubæjarklaustri og í Reykjanesbæ? En þegar betur er að gáð þá eigum við marga sameiginlega snertifleti.

Fyrst ber að nefna aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Við eigum öll rétt á sambærilegri heilbrigðisþjónustu hvar sem við búum í landinu. Því miður er það ekki raunin og fyrir því viljum við Sjálfstæðismenn berjast.

Atvinnumál eigum við sameiginleg. Öll finnum við fyrir því að við þurfum fleiri stöðir í atvinnulífið hvar svo sem við búum. Við viljum fordast einhæfni og þurfum fjölbreyttari störf, verðmætari störf. Við Sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi berjumst fyrir öflugra atvinnulífi.

Samgöngur er svo þriðja sviðið sem við eigum sameiginlegt. Samgöngur verða að vera öruggar og góðar hvar sem er í Suðurkjördæmi. Öðruvísi dafnar hvorki mannlíf né atvinnulíf sem skyldi.

Mennta- og menningarmál eru okkur sömuleiðis hugleikin. Við viljum sjá öflugar menntastofnanir og að börnin okkar eigi jafnan rétt til náms og þroska óháð búsetu.

Sá sem tekur þátt í prófkjöri stjórnmalaflokks kynnist samfélagi sínu á nýjan hátt og er mikill reynsla ríkari að leik loknum. Við frambjóðendur þökkum öllum þeim sem tóku á móti okkur, gáfu okkur af dýrmætum tíma sínum og leyfðu okkur að skyggjast inn í tilveru sína. Fyrir fólk sem ætlar að starfa í almannabágu er ekkert dýrmætara en einmitt það að fá tækifæri til að hitta fólk og ræða mál. Því samtali er hvergi nærri lokið.

## Hvergerðingar hvattir til að taka til hendinni fyrir 17. júní

Það er alltaf gaman að koma til Hveragerðis á sumrin enda leggja íbúar sig í líma við að hafa ásýnd bæjarfélagsins sem besta. Nú skal láta hendur standa fram úr ermum en íbúar eru hvattir til að snyrta til í bæjarfélaginu fyrir þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Umhverfisfulltrúi Hveragerðisbæjar segir að tími sé komin til þess að efnt sé til hreinsunarviku: „Því öll viljum við jú að bærin skarti sínu fegursta og ekki síst á hátíðisdögum.“ Hreinsunavika verður því haldin dagana 7. –

13. júní að báðum dögum meðtöldum. Þann tíma verður hægt að losa sig við rusl, gjaldfrjálst, á gámasvæðinu. Bæjarbúar eru hvattir til að nýta sér þetta og losa sig við rusl og annan óþarfa. Einnig eru íbúar hvattir til að nýta sér nytjagáminn en fátt er eins umhverfisvænt þegar kemur að úrgangsmálum og að búa ekki til úrganginn í fyrsta lagi. Lítið endilega við með góða hluti sem eiga enn mögulega lífdaga eftir og gáði ekki síður að því hvort þið finnið ekki einhvern gullmola til að taka með heim, segir í tilkynningu frá bænum.



**VIÐ OPNUM Á SELFOSSI**  
LAUGARDAGINN 12. JÚNÍ OPNUM VIÐ NÝJA  
OG GLÆSILEGA VERSLUN AÐ AUSTURVEGI 69

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Í GLÆSILEGUM SÝNINGARSAL OKKAR

OPIÐ FRÁ 10:00 – 15:00  
LÉTTAR KAFFIVEITINGAR Í BOÐI

GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAÐ ER TENGI  
WWW.TENGI.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 08:00 – 17:00 OG LAUGARDAGA FRÁ 10:00 – 15:00

**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að  
vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

[www.dfs.is/atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)



**HARPA**  
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045



Innilegar þakkar til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og ómetanlegan stuðning, vegna andláts og útfarar ástkærs sonar okkar og bróður,



**Patreks Jóhannsson**  
Kjartanssonar Eberl,

**Veronika Eberl** Kjartan Þór Kristgeirsson  
**Þórhildur Lotta Kjartansdóttir Eberl**  
**Þormar Fálki Kjartansson Eberl**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katrín Kristjánsdóttir,**  
frá Geirakoti,



lést á hjúkunarheimilinu Fossheimum á Selfossi miðvikudaginn 26. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkar til starfsfólks á Fossheimum fyrir góða umönnun og hlýju.

**Munda K. Aagestad**  
**Roar Aagestad** **Halldóra S. Ásgeirsdóttir**  
**Anna Gína Aagestad** **Guðmundur Árni Bjarnason**  
barnabörn og barnabarnabörn.

## Langur ómennskur texti höfðar ekki til mín -segir lestrarhesturinn Jón Snæbjörnsson

Jón Snæbjörnsson er alinn upp í Laugardalshreppi og hefur búið þar í skólaþorpinu síðastliðin ár. Hann er byggingaverkfræðingur að mennt og starfaði sem slíkur á orkusviði verkfræðistofu í rúman áratug áður en hann sneri heim í sína sveit. Hann starfar í dag við kennslu og ýmis tilfallandi verkefni.

### Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að rýna í Íslendingasögurnar, eftir að við fengum þær nýlega að gjöf með nútíma stafsetningu. Þar las ég fyrsta *Króka-Refs* sögu, er hefur verið mér hvað eftirminnilegust. Heima í Austurey var hluti bókasafns langafa míns, Arnórs Sigurjónssonar og las ég *Íslendingasögurnar* og *Fornaldarsögur Norðurlanda*, með eldri stafsetningu, er ég gat farið að lesa mér til yndisauka. Þar voru hetjusögurnar, ævintýraheimur er ég gat tengt við og gleymt mér við þann lestur. Við vorverkin í fjárhúsunum er ágætt að nýta sér hljóðbækur til að dreifa huganum. Þá hef ég verið að hlusta á bækur eðlisfræðingsins Richard P. Feynman. Þar eru efnistökin ólík öðrum höfundum á raungreinasviði, og umfjöllun hans er hefur verið umdeild, breytist í tímans rás. Að lokum er rétt að nefna kennslubók Brunamála-skólans um slökkvistarf, rauða bókina. En ég hef síðastliðinn vetur verið í nýliðanám hjá Brunavörnum Árnesháskólans um sýslu og er þessa dagana að lesa fyrir lokaprófið, með von um útskrift nú í sumar, þann 17. júní. Nám slökkviliðsmanna tekur á mörgum þáttum og hefur verið áhugavert uppbrot nú í vetur að fræðast um starfið og loksins komast í verklega tíma er samkomutakmarkanir hafa gefið tækifæri til þess.

### Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Sagnfræðilegur fróðleikur, heimildarit eða sögulegar skáldsögur. Stórsaga. Ég stefndi á nám í sagnfræði eftir menntaskóla og hóf að lesa þungan sagnfræðilegan texta, er varð til þess að áhugi minn á að verða sagnfræðingur, hvarf að mestu. Þær bækur sem ekki höfða til mín er

langur ómennskur texti, hvort sem það er um sagnfræðileg eða verkfræðileg viðfangsefni, staðla. Verkfræðinámið sló á áhuga minn á lestri, vinna er krefst meiri íhugunar frekar en skilnings á texta, stílbregða. Því skráði ég mig að lokum í sagnfræði við HÍ með vinnu og tók þar fjölda námskeiða. Þar heillaði mig strax til dæmis heimspekileg forspjallsvísindi, *Málsvörn Sókratesar* og fleiri bækur. Ég er þeirrar skoðunar að menntun og bóklestur sé öllum nauðsynleg og sagnfræðinámið þar sem lesefnið er sett fram afmarkað og vel skilgreint, hvar síðan er leitað svara við rannsóknarspurningum, sé góður grunnur með öðru námi.

### Fórstu snemma að lesa?

Ég las mikið sem barn. Hér man ég sérstaklega eftir að hafa lesið barnabækurnar um *Lassy* ásamt *Frank og Jóa*, bækur er ég gat nálgast hjá ömmu minni á Laugarvatni. Síðan voru bækur reglulega hluti af jólapökkunum, man þar sérstaklega eftir bókinni, *Hringir í skógi*, eftir Dalene Matthee, er ég las sem unglingur og hefur verið vakandi í minningunni síðan sem bók unglingsáranna.

### En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég gef mér góðan tíma til að velja nýja bók til lestrar, og les hana þá gjarnan á sem stystum tíma, legg hana varla frá mér. Þá koma jólafrí sterk til sögunnar, til dæmis las ég *Fjallkirkjuna* í góðu jólafrí sem og *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson. Þá rifjast upp tímar í sagnfræðinni í HÍ, um sakleysi Bjarna Bjarnasonar og hvort kýr geta lekið, samkvæmt upptalningu sterbbúa.

### Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Þeir eru allnokkrir, hér vil ég nefna sérstaklega bækur Björns Th. Björnssonar, *Haustskip* og *Hraunfólkið*. Í því samhengi má einnig nefna þrileik Bjarna Harðarsonar um Skálholt 18. aldar. Styrjaldaþekkingur enska rithöfundarins Anthony Beevor er viðhalda áhuga er vakandi á æsku við lestur ritraðar Almenna bókafélagsins um heimstyrjöldina síðari. Rétt er



Jón Snæbjörnsson

að nefna einnig suður-afríska rithöfundinn J. M. Coetzee. Að lokum vil ég benda á vefinn *timarit.is*, þar sem tíminn getur verið fljótur að líða við heimildaleit, eða almennan yndislestur. En ef bornir eru saman höfundarnir hér fyrir ofan má segja að ákveðinn undirtónn sé til staðar, mannlegur harmleikur sem hluti stærri atburðarásar, eða breytingatíma.

### Hefur bóklestur rætt þig svefni?

Já, ég á erfitt með að ganga frá hálfkláruðu verki.

### En að lokum nafni, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég hef áhuga á að skrifa yfirlitsrit eða endurminningar, hef gaman af lestri ævisaga hér úr sveit, til dæmis minningar Böðvars Magnússonar á Laugarvatni, *Undir tindum* og Páls Guðmundssonar frá Hjálmsstöðum, *Tak hnakk þinn hest*, bækur er saman voru kallaðar *Tindabikkjan*. Einnig má nefna hér fleiri sunnlenskar endurminningar, til dæmis Adalheiðar Bjarnfreðsdóttur frá Efri-Steinsmýri, *Lífssaga baráttukonu*. Hef unnið að B.A. ritgerð í sagnfræði um Laugarvatn, hvernig staður verður til, en aldrei gefst góður tími til að ljúka verkinu. Þá hef ég meðal annars rætt við Pálma Hilmarsson er starfað hefur sem húsbóndi við Menntaskólann að Laugarvatni í tæp 30 ár. Vonast ég til að skrá, hugsanlega í nálægðri framtíð, minningar hans og hef gefið þeim vinnuheit, *Tak sæng þína og kodda*.

Lestarhestur númer 117.  
Umsjón Jón Özur Snorrason.

**prentmet** **ÞÓÐI**  
heildarlausnir í prentun

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944  
selfoss@prentmet.is  
prentmetoddi.is  
Eyravegur 25, Selfoss



# Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg



## Sumarlestur 2021 - Bókasafn Árborgar á Selfossi

Í ár verða Lína Langsokkur, Emil í Kattholti og aðrir krakkar úr sagnaheimi Astrid Lindgren í hávegum höfð á bókasafninu. Heimsókn frá Bergrúnu Írisi, föndur, ratleikur, happaðrætti og margt fleira!

Sumarlestur hefst 9. júní kl. 13 og verður alla miðvikudaga í júní í framhaldinu.

Allir krakkar í 3. - 5. bekk geta tekið þátt, en þurfa að skrá sig.

Hver sumarlestur er í um það bil eina klukkustund.

Skráning í Sumarlestur 2021 er hafin. Á hverju ári er nýtt þema og að þessu sinni er það Astrid Lindgren. Hægt er að fá þáttökublað í afgreiðslu Bóka-



safnsins eða með því að senda tölvupóst á [afgreidsla@arborg.is](mailto:afgreidsla@arborg.is) með nafni og kennitölu barnsins og nafni og símanúmeri forráða-

manns og hvort mæting sé kl. 11 eða kl. 13. Hlökkum til að sjá ykkur.

## Tilkynning frá Mannvirkja- og umhverfissviði

Stígar og bílplön við Engjaveg, Langholt og að Gesthúsum ásamt bílplani við Jötunheima.

Samið hefur verið við verk-  
takafyrirtækið Smávélar ehf. um gerð stíga í Árborg. Stígurinn Engjavegur – Langholt gegnum tjaldsvæði sem hefur verið jarðvegsskiptur, verður malbikaður ásamt stíg við íþróttavallasvæðið. Þá verður einnig stígur við tjaldsvæðið að stíg við Grundir malbikaður. Jarðvegsskipti munu fara fram og nýtt burðarlag sett ásamt malbikun á Selfoss-stíg meðfram Ölfusá. Í þessu útboðsverki verður framhaldið vinnu við Eyrar-

bakkastíg þann hluta stígs sem er Kaldaðarnesvegur að Stekkum, þar sem lagt verður út burðarlag og malbikað ásamt lýsingu á stíginn frá Flugvallavegi að Stekkum. Breidd stíga er misjöfn eða allt frá 2,0 m og upp í 3,0 m.

Í útboðsferli er framkvæmd við bílplön við Engjaveg við íþróttasvæðið, einnig verður malbikað plan frá Engjavegi að Gesthúsum. Þá er í sama útboði gert ráð fyrir gerð bílplans við Leikskólann Jötunheima.

## Kynningarfundur um Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta á kynningarfund Sveitarfélagsins Árborgar um verndarsvæði í byggð sem haldin verður á Stað, mánudaginn 14. Júní klukkan. 20.

Markmið kynningarfundarinnar er að kynna fyrir íbúum og hagsmunaaðilum þá vinnu sem liggur orðið fyrir í formi greinargerðar og tillögu fyrir verkefnið „Eyrarbakki - Verndarsvæði í byggð“.

Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir frá Landform munu kynna verndar-  
áætlunina og sitja fyrir svörum. Einnig verða á fundinum skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins og formaður skipulagsnefndar. Fundarstjórn verður í höndum



Gísla H. Halldórssonar, bæjarstjóra.

Tillögu og greinargerð verk-

efnisins sem kynntar verða á fundinum er hægt að nálgast á vefsíðu Árborgar.

## Umbótastarf hjá félagsþjónustunni

Starfsfólk félagsþjónustunnar hefur tekið þátt í umbóta- og breytingavinnu á fjölskyldusviði að undanföngu. Um er að ræða markvissa teymisvinnu á milli starfsmanna á fjölskyldusviði. Hjá félagsþjónustunni hafa orðið töluverðar breytingar sem byrjuðu á vordögum 2020 þegar tvær deildarstjórastöður voru sameinaðar í eina. Nýr deildarstjóri, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, kom til starfa sumarið 2020 og um hálfu ári síðar voru ráðnir tveir teymisstjórar Anna Rut Tryggvadóttir og Guðrún Svava Gísladóttir en eitt af hlutverkum þeirra er að vinna að því að styrkja faglega umgjörð félagsþjónustunnar, gera hana

aðgengilegri og vinna í anda straumlinustjórnunar enda er mikil fjölgun á notendum þjónustunnar í ört vaxandi sveitarfélagi.

Miklar utanaðkomandi áskoranir hafa orðið síðastliðið ár, m.a. COVID-19, mikil aukning í eftirspurn eftir þjónustu, flutningar í tímabundið húsnæði í Landsbankanum og flutningar til baka í opið rými á 3. hæð Ráðhússins. Veruleg fjölgun hefur orðið á starfsfólki og breyting hefur orðið á vinnulagi. Breytingarnar hafa gengið vel og mikil samstaða er í starfsmannahópnum. Þá má nefna að vinna er hafin við endurskoðun reglna innan allra

málaflokka félagsþjónustunnar í samræmi við nýlega löggjöf og stefnu fjölskyldusviðs um snemmtækan stuðning og forvarnarstarf. Í byrjun árs 2021 var skipaður vinnuhópur sem vann við heildarendurkoduð reglna um fjárhagsaðstoð með það að markmiði að gera þær hnitmiðaðar og skýrar og þær byggja þannig upp að þær þjóni betur hagsmunum umsækjenda. Í nýjum reglum var einnig horft til þess að leggja meiri áherslu á virknipátttöku og endurhæfingu viðtakenda fjárhagsaðstoðar. Margir málaflokkar heyrja undir félagsþjónustuna og eru starfs-  
einingar hennar samtals níu.

## Sveitarfélagið Árborg - sjálfbær fjármálaumgjörð

Sveitarfélagið Árborg hefur nú birt sjálfbæra fjármálaumgjörð, sem lýsir nálgun sveitarfélagsins í sjálfbærri fjármögnun. Umgjörðin samræmist alþjóðlegum viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbrefamarkaði (ICMA) og hefur hlotið óháða vottun (e. Second Party Opinion) frá Sustainability, sem er leiðandi viðurkenndur vottunaraðili í sjálfbærum fjármálum á heimsvísu. Umgjörðin byggir á áætlunum sveitarfélagsins í umhverfissvænni og félagslegri uppbyggingu.

Árborg stefnir á að gefa út fyrsta sjálfbærni skuldabréfið á Íslandi til fjármögnunar á verkefnum sem hafa umhverfis og/

eða félagslegan ávinning.

Árborg hefur sett sér metnaðarfulla umhverfisstefnu sem leiðir vegferð sveitarfélagsins í málaflokknum. Jafnframt vinnur sveitarfélagið með Framfararvoginni að samfélagslegri framþróun á grunni Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna undir vottun Social Progress Imperative.

Sjálfbær fjármögnun styður við sjálfbærni vegferð sveitarfélagsins og umhverfisstefnu þess.

Sjálfbæra fjármálaumgjörð Árborgar, ásamt vottun Sustainability má nálgast á vefsíðu Árborgar: <https://www.arborg.is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/sjalbbaer-fjarmal/>.

## A new website

### Multiculturalism in Árborg

The website multiculturalism in Árborg is intended for residents with diverse backgrounds and individuals who work with immigrants,

want to learn more about multiculturalism or know people with diverse backgrounds.

<https://fjolmenning.arborg.is/en/>

# Íþróttir

## Tímabilinu lokið eftir spennuþrungna leiki gegn Stjörnunni

**HANDBOLTI.** Selfoss féll úr leik á Íslandsmótinu í handknattleik með minnsta mun eftir spennuþrungna viðureign gegn lærisveinum Patreks Jóhannessonar í Stjörnunni. Stjarnan vann seinni leik liðanna, 30:28, og fór áfram á fleiri mörkum skorudum á útivelli en fyrri viðureign liðanna sem fram fór í Garðabæ lauk með tveggja marka sigri Selfoss, 26:24.

### Sigur í fyrri leiknum í Garðabæ

Fyrri leikur liðanna fór fram í Garðabæ á 85 ára afmælisdegi Ungmennafélags Selfoss.

Ljóst var frá fyrstu mínútu að hart yrði barist í þessum leik, tvö lið tilbúin í úrslitakeppni. Jafnt var á flestum tölum þar til nokkrar mínútur voru eftir af fyrri hálfleik þegar Selfyssingar tóku leikinn til sín og komust þrem mörkum en Stjarnan klóraði í bakkann fyrir hálfleik, staðan 10-12 í hálfleik.

Meiri hraði var í upphafi síðari hálfleiks og héldu Selfyssingar frumkvæðinu í leiknum og komu muninum í þrjú til fögur mörk. Stjörnumenn tóku áhlaup og náðu að jafna leikinn í 24-24 þegar þrjár mínútur áttu eftir af leiknum. Selfyssingar skorudu svo tvö síðustu mörkin og lönduðu sigri, 24-26.

Mörk Selfoss: Ísak Gústafsson 7, Hergeir Grímsson 6/1, Einar Sverrisson 5/1, Atli Ævar Ingólfsson 3, Alexander Már Egan 2, Ragnar Jóhannsson, Nökkvi Dan Elliðason og Gunn-



Ísak Gústafsson fór hamförum í fyrri leiknum og skoraði 7 mörk í 8 skotum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

ar Flosi Grétarsson 1. Varin skot: Vilíus Rasimas 15/1 (38%).

### Patrekur fann fjölinna á Selfossi

Seinni leikurinn á Selfossi jafn og spennandi allan tímenn. Í stöðunni 9:9 tókst Selfossliðinu að skora tvö mörk í röð. Heimamönnum tókst ekki að spila vel úr stöðunni. Í stað þess að bæta við forskot sitt, því Vilíus varði á þessum tíma nokkur mikilvæg skot, hleyptu þeir Stjörnunni inn í leikinn aftur. Þegar fjórar mínútur voru til hálfleiks var Stjarnan komin með tveggja marka forskot, en Selfyssingar skorudu seinasta mark hálfleiksins og staðan því 13-14 í hálfleik.

Selfoss byrjaði síðari hálfleik af miklum krafti vel studdir vöskum hópi stuðningsmanna sem drógu hvergi af sér. Selfoss náði fjögurra marka forskoti 18:14 og þá var kátt í Hleðsluhöllinni.

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörunnar, tók síðasta leikhlé sitt þegar tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik. Fimm mínútum áður hafði hann tekið það fyrra. Hvorki gekk né rak. Hans menn voru fjórum mörkum undir, 22:18. Það blés ekki byrlega. Þrjú mörk í röð frá Stjörnunni eftir hléið hleyptu spennu í leikinn á ný og nýju lífi í leikmenn liðsins sem virtust vera farnir að hengja haus. Skömmu síðar var jafnt, 25:25. Gestirnir sigu í kjölfarið fram úr og þrátt fyrir að Ragnar hafi minnkaði muninn í tvö mörk, 30:28, þegar tæp mínúta var til leiksloka, náði Stjarnan að hanga á forskotinu til enda.

Mörk Selfoss: Atli Ævar 8, Hergeir 6/3, Ragnar 5, Einar 4, Nökkvi Dan 3, Tryggvi Þórisson 2, og Alexander Már 1. Varin skot: Vilíus Rasimas 14 (36%).

-Handbolti.is & Umf. Selfoss/esó/gj

## Svekkjandi tap Selfyssinga í Eyjum

**KNATTSPYRNA** Selfoss situr enn í toppsæti Pepsi Max deildarinnar þrátt fyrir 2-1 tap í Vestmannaeyjum á laugardag.

Selfyssingar byrjuðu af miklum krafti og kom Brenna Lovera gestunum yfir eftir frábæra fyrirgjöf frá Barbáru Sól Gísladóttur strax á 2. mínútu. Eyjakonur jöfnuðu rétt fyrir hálfleik með marki frá Þóru Björg Stefánsdóttur. Seinni hálfleikur einkenndist af miklu miðjumóði, hávaðaroki og rigningu en það kom ekki í veg fyrir sigurmark ÍBV frá Delaney Baie Pridham á 62 mínútu.

Selfoss enn á toppnum með 13 stig en ÍBV lyfti sér upp í 5. sæti. Næsti leikur Selfoss er á JÁVERK-vellinum gegn Íslandsmeisturum Breiðabliks mánudaginn 21. júní kl. 19:15. -Umf. Selfoss/eg



Brenna Lovera er markahæst í Pepsi Max deildinni ásamt Delaney Baie. Ljósmynd: Mbl.is/Þórir Tryggvason



## Glæsilegur árangur á Íslandsmótinu í hópímleikum

**FIMLEIKAR** Um helgina fór fram Íslandsmót í hópímleikum á Akranesi þar sem keppt var í A deild í öllum flokkum. Fimleikadeild Selfoss átti sex lið á mótinu í sex flokkum. Á mótinu var samankomið fremsta fimleikafólk landsins og má því segja að það hafi verið sannkölluð fimleikaveisla frá föstudegi til sunnudags. Keppendur frá fimleikadeild Selfoss voru áberandi á mótinu og náðu verðlaunum í öllum flokkum sem er stórglæsilegur árangur.

Keppni hófst á föstudag með keppni í meistaraflokki og 1. flokki stúlkna. Stúlknaðið Selfoss í 1. flokki, nýkrýndir bikarmeistarar unglíngja, uppskárðu þriðja sætið eftir harða baráttu við Stjörnuna og Gerplu en keppni í þessum flokki hefur verið afar jöfn á tímabilinu.

Strákarnir okkar í KK yngri mættu eldsnemma á laugardagsmorgun á Skagann. Þeir sýndu glæsilegar æfingar og er gaman að sjá hvað deildin á marga unga og efnilega drengi. Strákarnir fengur silfur á mótinu en Íslandsmótið var jafnframt síðasta mót tímabilsins sem taldi til stiga í deildarkeppninni í hópímleikum og hlaut KK yngri flest stig í þeirri keppni og eru því deildarmeistarar 2021. Frábær árangur hjá þeim.

Því næst var komið að keppni í 1. flokki blandaðra liða. Krakkarnir er nýkrýndir bikarmeistarar unglíngja. Eftir harða baráttu við Hött sigraði lið Selfoss og eru þau Íslandsmeistarar 2021. Liðið var með flest stig eftir deildarkeppnina og voru því einnig krýnd deildarmeistarar 2021. Stórglæsilegur árangur hjá mix liðinu sem átti gott mót og geislaði af leikgleði. Frábært



Stelpurnar í 5. flokki fögnuðu Íslandsmeistaratitli.

tímabil og þrjú titlar í hús.

Stúlkurnar í 3. flokki kepptu í síðasta hluta á laugardag. Keppni í 3. flokki á tímabilinu hefur verið mjög hörð og jöfn. Selfoss stúlkur sýndu glæsilegar æfingar og voru efstar í gólfæfingum. Þær uppskárðu þriðja sætið á mótinu en hópurinn er ríkjandi bikarmeistari í 3. flokki.

Stúlkurnar í 5. flokki hófu keppni á sunnudag. 5. flokkur er yngsti flokkurinn sem keppt er í hjá Fimleikasambandi Íslands. Selfoss stúlkurnar komu og sýndu glæsilegar æfingar á öllum áhöldum og sigruðu flokkinn sinn og eru Íslandsmeistarar 2021. Stúlkurnar sýndu miklar tilfinningar þegar tilkynnt var um úrslitin. Frábær árangur hjá ungu og efnilegu liði.

Í síðasta hluta mótsins mættu stúlkurnar í 4. flokki til leiks. Stúlkurnar frá Selfossi sýndu stórglæsilegar æfingar og voru efstar á dýnu ásamt liði Gerplu. Eftir harða keppni endaði liðið í þriðja sæti samanlagt sem er frábær árangur.

Liðin sex frá Selfoss sem kepptu á Íslandsmótinu komust öll á verðlaunapall og tóku heim á Selfoss fjóra titla, tvo deildarmeistaratitla og tvo deildarmeistaratitla. Þetta verður að teljast einstakur árangur og viljum við óska iðkendum og þjálfurum fimleikadeildar Selfoss til hamingju með árangurinn. -UMFS/sóh



Krakkarnir í 1. flokki mix fögnuðu Íslandsmeistaratitli. Ljósmyndir: UMFS

# Fjögur gull á Íslandsmóti

**JÚDÓ** Góður árangur náðist á Íslandsmóti yngri flokka í júdó sem haldið var laugardaginn 29. maí. Þar voru mættir sextíu keppendur frá sjö félögum, þar af voru sex keppendur frá júdódeild Selfoss og kepptu þrír þeirra í bæði U18 og U21.

Keppnin var jöfn og spennandi og mikið var um glæsileg tilþríf. Allir keppendur stóðu sig glæsilega en Vésteinn bar af og varð tvöfaldur Íslandsmeistari. Hann glímdi sex viðureignir og vann þær allar örugglega.

Vésteinn Bjarnason varð Íslandsmeistari bæði í U18 og U21 í -66 kg flokki. Jakub Tomczyk varð Íslandsmeistari í U18 -73 kg flokki og í 3. sæti í U21. Böðvar Arnarsson varð Íslandsmeistari í U18 í -90 kg flokki og 2. sæti í U21. Hrafn Arnarsson varð í 2. sæti í -100 kg í U21. Styrmir Hjaltason varð í 2. sæti í -66 kg í U15. Fannar Júlíusson varð í 2. sæti í -55 kg í U15.

-Umf. Selfoss/hp



Vésteinn (fyrir miðju) varð tvöfaldur Íslandsmeistari í U18 og U21. Ljósmynd: Umf. Selfoss

## Eldri en 60 bjóðast spennandi gönguferðir í Rangárþingi Eystra

Sveitarfélagið Rangárþing eystra er heilsuefandi samfélag. Út júní er ákaflega skemmtilegt verkefni í gangi sem miðað er að fólki sem er eldra en 60 ára. Það er íþróttafræðingurinn Anna Rún Einarsson sem verður með skipulagðar gönguferðir fyrir aldursþópinn, en mjög góð stemning hefur myndast í hópnum og gott að drífa sig af stað. Gönguferðirnar eru farnar á þriðjudögum og fimmtudögum en lagt er af stað frá íþróttahúsinu á Hvolsvelli kl. 10. Mikil ásókn hefur verið í ferðirnar en alltaf er gaman að ganga saman í hópi af skemmtilegu fólki.



## Eimskip áfram einn af aðalstyrktaraðilum Kótelettunnar

Á dögunum undirrituðu Eimskip og Viðburðastofa Suðurlands samning þess efnis að Eimskip verði áfram einn af aðalstyrktaraðilum Kótelettunnar – BBQ og Music Festivals, sem haldin er árlega á Selfossi.

Hátíðin, sem er fyrir alla fjölskylduna, samanstendur af tónleikahaldi með fremsta tónlistarfólki landsins, grill- og matarhátíð í miðbæ Selfoss og glæsilegri

fjölskylduskemmtun. Eimskip hefur verið einn aðalstyrktaraðili hátíðarinnar frá upphafi og staðfesti með undirritun samningsins áframhaldandi stuðning.

Á myndinni má sjá Helga Sigurð Haraldsson, svæðisstjóra Eimskips á Suðurlandi (t.v.) og Einar Björnsson frá Viðburðastofu Suðurlands (t.h.) við undirritun samningsins í blíðskaparvæðri á Selfossi.



Vitaleiðin

Selvogsviti  
Hafnarnesviti  
Knarrarósviti

OPNUNARHÁTÍÐ VITALEIÐARINNAR 12. JÚNÍ 2021

SELVOGUR	ÞORLÁKSHÖFN
Selvogsviti Pylsuvagninn í Selvogi - Tilboðsdagur við pylsuvagninn - Pylsa, gos í dós og prins polo á 500kr - Vaffla m/sultu og rjóma kaffi, te eða kakó á 500kr	Hendir í höfn - Opið alla helgina Íþróttamiðstöðin Þorlákshöfn - Fritt í sund 12. júní - opið 10.00 - 18.00 Black Beach Tours - Black Beach tours býður gestum vitaleiðarinnar 20% afslátt! Bókaðu ferð inn á <a href="http://www.blackbeachtours.is">www.blackbeachtours.is</a> með kóðanum <b>Vitaleið21</b> - opið alla helgina Café Sól - Opið laugardag 10.00 - 16.00 Skálinn Þorlákshöfn - Opið alla helgina
EYRARBAKKI	STOKKSEYRI
Formleg opnun Vitaleiðarinnar við Stað kl. 13.00 Rauða Húsið - opið 12:00-21:00 fös-sun, tilboð í gangi alla helgina Kjallarinn bar + Algjört Nammi = Nammi Bar - súkkulaðikonekt, nammiis og áfengir drykkir með sælgætisvafi - opið 15:00-18:00 Konubókastofa - Höfundar lita við og lesa upp kl 14.00. Kaffi og með því - opið 13.00 - 15.00 Byggðasafn Árnesinga - Opið á Byggðarsafninu og Sjómínjasafninu. Fritt inn og leiðsögn - opið 11.00 - 18.00 Staður - Listasmíðja fyrir börn með Davíð Art - opið 14.00 - 16.00 Verslunin Bakkinn - opið alla daga 10.00 - 19.00	Fjöruborðið - opið alla daga í allt sumar frá kl. 12.00 Gallery Gimli - heitt á könnunni opið 13.00 - 18.00 Skálinn Stokkseyri - Tilboð á ís í brauðformi Sundlaug Stokkseyrar - Fritt í sund 12. júní - opið 10.00 - 17.00 Menningarverstöðin Stokkseyri - Opið hús - Sýning Effars Guðna verður opin 12. júní fyrir almenning - opið 14.00 - 18.00 Kayakferðir Stokkseyri - opið alla daga 10.00 - 17.00. Bókanir á <a href="http://www.kajak.is">www.kajak.is</a>
HAFNARNESVITI	KNARRARÓSVITI
Hafnarnesviti - Opinn öllum kl 14.00 - 16.00 Listaverkagerð barna - litir og blöð verða á staðnum	Knarrarósviti - Opinn öllum kl 14.00 - 16.00 Byggðasafn Árnesinga - Rjómaþið Baugsstöðum verður opið fyrir almenning - opið 14.00 - 16.00

**Myndahappdrætti á Instagram**

Taktu 3 myndir á þremur mismunandi stöðum á Vitaleiðinni og merktu með **#Vitaleiðin** og **#UpplifðuSuðurland** og þú kemst í pottinn - Skemmtilegir vinningar í boði



## Þjónustufulltrúi á skrifstofu

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í 50% starf frá 1. ágúst nk. Um er að ræða afleysingu til eins árs. Starfsstöð er í Hveragerði, æskilegt er að vinnutími sé fyrir hádegi.

Skóla- og velferðarþjónustan er rekin af sjö sveitarfélögum í Árneshýslu en þau eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ölfus.

### Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegri afgreiðslu skrifstofunnar
- Umsjón með skjalavörslu
- Umsjón með heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings

### Hæfniskröfur:

- Góð tölvukunnátta og færni í notkun helstu forrita (Office, Outlook)
- Gott vald á íslensku og ensku
- Sjálfstæði í verkefnum og mikil skipulagshæfni
- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings, hrafnhildur@arnesthing.is Umsókn ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um meðmælendur berist á netfangið hrafnhildur@arnesthing.is fyrir 24. júní 2021.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

## Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings óskar eftir félagsráðgjafa til starfa í barnavernd

Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings frá 1. ágúst nk. Um er að ræða 100% starf með aðalstarfsstöð í Hveragerði.

Skóla- og velferðarþjónustan er rekin af sjö sveitarfélögum í Árneshýslu en þau eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ölfus.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Móttaka barnaverndartilkyppinga, greining og meðferð barnaverndarmála
- Þjónusta og ráðgjöf í málefnum barna og fjölskyldna
- Umsjón með og þátttaka í teymisvinnu og þverfaglegu samstarfi
- Umsjón með samþættingu barnaverndar á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings
- Önnur verkefni sem falla undir lög og reglur á sviði barnaverndar og félagsþjónustu sveitarfélaga

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi sem félagsráðgjafi
- Reynsla af verkefnum á sviði félagsþjónustu og barnaverndar er nauðsynleg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri, hrafnhildur@arnesthing.is Umsókn ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um meðmælendur berist á netfangið hrafnhildur@arnesthing.is fyrir 24. júní 2021.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá barnavernd þurfa að veita heimild fyrir að leitað sé upplýsinga úr sakaskrá hjá Ríkissaksóknara.

## Jóhanna Heiðdal Harðardóttir – Önnanna - sýnir í Bókasafninu í Hveragerði



Opnuð hefur verið sýning á málverkum eftir Jóhönnu Heiðdal Harðardóttur á Bókasafninu í Hveragerði. Jóhanna er fædd og uppalin í Reykjavík en flutti með eiginmanni og börnum til Hveragerðis á síðasta ári. Hún er leikona og ferðamálafræðingur að mennt en síðustu ár hefur hún að mestu unnið í ferðabransanum en þó alltaf með listatengt verkefni samhliða hvort sem það er að leika, taka ljósmyndir, skrifa nú eða að mála. Fyrir tæpum tveimur árum síðan fann hún sig í algjöru andlegu þroti eftir margra ára ofkeyrslu og ákvað að endurskoða lífið

með þeim tilgangi að minnka stress og hraða sem einkenndi lífið þá. Hún tók upp pensilinn og fór að gefa sér meiri tíma til að skapa og má þá segja að hún hafi loksins fundið tilgang sinn og hugarró og hefur málað alla daga síðan.

Sýningin ber yfirskriftina Innlit en um er að ræða aðra einkasýningu Jóhönnu. Sýningin mun standa út júní og er opin á sama tíma og bókasafnið; mánudaga kl. 11-18:30, þriðjuga-daga-föstudaga kl. 13-18:30 og laugardaga kl. 11-14.

### Um sýninguna segir Önnanna

Ég hef alltaf verið með ríkt ímyndunarafl og ævintýragjörn og fannst því tilvalið að sækja innblásturinn fyrir sýninguna beint inn í minn eigin hugarheim þar sem litir og form dansa saman og búa til leikverk á striganum. Verkin eru unnið með akríl og blandaðari tækni á striga. Við bæti ég svo fullt af ímyndunarafli og slatta af tilraunastarfsemi til að ná endanlegri útkomu.

## Norðlendingar halda tónleika í Skálholti, en stjórnandinn býr á Selfossi

Kammerkór Norðurlands mun halda tónleika í Skálholti laugardaginn 12. júní kl.16. Kórinn var stofnaður skömmu fyrir aldamótin síðustu og í honum er söngfólk víðs vegar af Norðurlandi, allt frá Kópaskeri til Saudárkróks og er ærið langt fyrir suma að mæta á æfingar. Ennþá lengra er þó fyrir stjórnanda kórsins Guðmund Óla Gunnarsson, en hann býr á Selfossi. Hann nam hljómsveitarstjórn í Utrecht og Helsinki og hefur stjórnað fjölda hljómsveita og ýmsum kórum í gegnum tíðina.

Kammerkór Norðurlands hefur flutt fjölbreytta tónlist á þessum tímum 20 árum; þjóðlög, madrígala, popplög, kirkjutónverk, jafnvel kvikmyndatónlist, en fyrst og fremst einbeitt sér að flutningi íslenskra tónverka sem mörg hver hafa verið samin sérstaklega fyrir hann. Hann hefur gefið út 3 hljómdiska.

„Við félagar í Kammerkór Norðurlands getum vart lýst því hve ánægð við erum með að fá nú loksins að halda tónleika, en á undanförmum mánuðum höf-

um við margoft skipulagt og undirbúið tónleika, en pestin ætíð hindrað framkvæmd.“ segir Ásgeir Böðvarsson, félagi í Kammerkór Norðurlands og bætir við: „Efnisskráin hjá okkur ber þess kannski einnig merki að við erum í eins konar ástandi milli verkefna. Á fyrri hluta tónleikanna flytjum við valin kórlög frá Norðurlöndunum og einnig frumflytjum 4 gullfalleg ný lög eftir stjórnandann Guðmund Óla Gunnarsson við ljóð Páls Ólafssonar.

Á seinni hluta tónleikanna verða flutt lög við ljóð Davíðs Stefánssonar úr „Svörtum Fjöðrum“ en fyrir einu og hálfu ári minntumst við þess að 100 ár voru liðin frá útkomu þeirrar frægu ljóðabókar og héldum þá allmarga tónleika á Norðurlandi. Þetta verkefni endaði svo með því að öll lög in voru tekin upp síðasta haust og hljómdiskur gefinn út fyrir júl.

Lög in við ljóð Davíðs sem við flytjum að þessu sinni eru þau sem sérstaklega voru samin fyrir kórinn og völdu tónskáldin sjálf ljóðin og í sumum tilfellum var sama ljóðið valið tvisvar“




## Ályktun aðalfundar FOSS

Aðalfundur FOSS var vel sóttur af félagsmönnum. Að loknum aðalfundastörfum var dregið úr happdrætti og feðginin Hlynur Snær og Sæbjörg Eva tóku lagið fyrir fundargesti. Fundargestir tóku vel undir með þeim í söng. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt:

### Ályktun aðalfundar FOSS stéttarfélags í almannajónustu 2021

Stór áfangi náðist í síðustu kjarasamningum við ríki, borg og sveitarfélög þegar samið var um styttingu vinnuvikunnar. Starfsmenn í dagvinnu geta stýtt vinnuvíkuna um allt að 4 tíma á viku. Til þess að þetta verði gerlegt þarf að eiga sér stað um-

bótarsamtal á vinnustöðum þar sem greining fer fram og allir möguleikar skoðaðir, tillögur lagðar fram og kosið. Því miður sýnir tölfræðin okkur það að mörg sveitarfélög á landinu hafa ekki sinnt þessu verkefni eins og samningar kveða á um. Aðalfundur FOSS skorar á sveitarfélögin að standa við gildandi kjarasamninga og gefa stofnunum rými til að klára þetta verkefni.



## Velunnari Víkurskóla færir skólanum góða gjöf

Einn af velunnurum Víkurskóla hún Guðný Guðnadóttir kom færandi hendi í þann 25. maí sl. og færði ferðasjóði nemenda peningagjöf eins og hún hefur gert í mörg ár. Til efni gjafarinnar og skilyrði er að nemendur Víkurskóla séu reyklusir og noti hvorki tóbak né munntóbak. Guðný ávarpaði nemendur í 5.-7. bekk og hvatti þau til að neita aldrei tóbaks. Hún sagði þeim m.a. frá því að hún sjálf leggi ávallt fyrir andvirði þess sem hún myndi nota í tóbak ef hún neytti þess og peningana hefur hún notað til ferðast fyrir og jafnvel boðið einhverjum með sér í slíkar ferðir. Guðný er nemendum Víkurskóla góð fyrirmynd og skólinn er henni þakklátur fyrir

hennar gjafmildi. Guðný færði skólanum jafnframt laserbendil að gjöf. Það voru fulltrúar nemendaráðs í hópnum sem veittu gjöfunum viðtöku.



## Úthlíð og Fjallhalla í samstarf

Langþráður draumur hjá Fjallhalla adventurers hefur verið að vera með skrifstofu og sölubás. Sá draumur er loks að verða að veruleika en Fjallhalla adventurers og Úthlíð ferðasjónusta hafa hafið samstarf. „Fjallhalla verður með sölubás/skrifstofu og veita upplýsingar í gólfskálanum í Úthlíð. Starfsfólk Fjallhöllu verður því með eftirlit með golfskálanum og kylfingum og alltaf með

heitt á könnunni. Seldar verða veitingar af matseðli og drykkir. Þetta er draumur hjá okkur báðum og erum við mjög spennt fyrir því að hefja þetta samstarf,“ segir Erla Þórdís Traustadóttir. Til að fagna áfanganum verður boðið til veislu þann 11. júní fyrir áhugasama. Þar verða léttar veitingar og Unnur Malín, hæfileikaríka heimakonan, sér um að skemmta fólki.



## Aðstoðarmatráður

Bláskógabyggð auglýsir stöðu aðstoðarmatráðs í mótuneyti Aratungu lausa til umsóknar. Bláskógabyggð leitir að jákvæðum og dugandi einstaklingi á líflegan og skemmtilegan vinnustað. Við hvetjum einstaklinga til að sækja um starfið óháð kyni.

Starfshlutfall er um 55%. Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september nk.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2021 en umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til sveitarstjóra á netfangið asta@blaskogabyggd.is.



### Meginverkefni:

- Aðstoð við matseld
- Umsjón með frágangi og þrif

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi í eldhúsi æskileg
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

## Laust starf kennara í sérkennslu

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir eftir 100% stöðu sérkennara á starfsbraut. Staðan er afleysing til eins árs.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennarinn ber ábyrgð á undirbúningi kennslu, kennslu og námsmat í greininni.
- Áhersla er á að skapa hvetjandi námsumhverfi.
- Tekur þátt í faglegu samstarfi, tileinkar sér nýjungar og sinnir starfsþróun.
- Mikil áhersla er lögð á þétt og mikið samstarf meðal kennara á starfsbraut.
- Hefur bein samskipti við forráðamenn umsýsnar nemenda sinna.
- Situr kennarafundi og vinnur önnur störf sem honum eru falin og samrýmast gildandi kjarasamningum, lögum og reglugerðum.

### Hæfniskröfur

- Menntun í sérkennslufræðum.
- Leitað er eftir kennara sem getur kennt ensku á unglingsstigi.
- Leyfisbréf sem veitir rétt til að nota starfsheitið kennari sbr. lög nr. 95/2019.
- Kennslureynsla í sérkennslu er mikilvæg.
- Faglegur metnaður, frumkvæði, öguð vinnubrögð og jákvætt hugarfar.
- Mjög góð hæfni í samskiptum og ríkur samstarfsvilji.

### Almennar upplýsingar

FSU er framsækinn og metnaðarfullur framhaldsskóli sem hefur gildin – Fjölbreytni, sköpun og upplýsing í hávegum. Nemendur starfsbrautar koma af öllu Suðurlandi með margvíslegar greiningar.

Námsframboð fyrir nemendur starfsbrautar er fjölbreytt; bóknám, verknám, listnám, matreiðsla, textílnám, íþróttir, auk náms á hestabraut. FSU gegnir mikilvægu hlutverki í nærsamfélagi skólans, starfsandinn er góður með metnaðarfullan og öflugan mannauð.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert. Tekið er mið af jafnréttisáætlun FSU við ráðningar í störf við skólann og eru öll kyn hvött til að sækja um.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi, afrit af prófskírteinum og leyfisbréfi kennara.

Tilgreina skal meðmælendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Umsókn skal senda á skolameistari@fsu.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2021.

### Nánari upplýsingar veita:

Jóhanna Guðjónsdóttir, sviðstjóri starfsbrautar – johannagudjons@fsu.is, 849 0506

Olga Lía Garðarsdóttir, skólameistari – skolameistari@fsu.is, 699 2125

Á www.fsu.is er að finna allar helstu upplýsingar um skólann.

Skólameistari



## Heilsugæslan á Hvolsvelli opnar eftir gagngerar endurbætur

Heilsugæslan á Hvolsvelli opnaði þann 1. júní sl. eftir gagngerar breytingar á húsnæðinu. Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri, heimsótti heilsugæsluna þar sem Elínborg Dagmar Lárusdóttir, hjúkrunarfræðingur, sýndi henni breytingarnar. Búið er að breyta biðrymi talsvert og það er nú mun opnara og nota-legra fyrir gesti og sjúklinga. Búið er að gera blóðþrúfuherbergi beint inn af biðstofunni og því verður afgangur á blóð-

prufudögum auðveldari. Öll vinnuástanda fyrir hjúkrun og lækningar hefur verið stækkuð og bætt í því skyni að vel fari um alla. Herbergi fyrir ungbarnavernd og skoðanir á börnum hefur verið endurgert og er nú mun rúmbetra og bjartara.

Lilja afhenti Birni G. Snæ Björnssyni, yfirlækni, blóm-vönd og viðurkenningarskjal frá sveitarfélaginu og stilltu þau sér upp ásamt starfsmönnum heilsugæslunnar sem voru á staðnum.



### Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero



Sveitarfélögin Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur leita að forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar Zero. Um er að ræða 60% starf með starfsstöð á Flúðum.

#### Starfssvið

- Ber ábyrgð á, skipuleggur og mótar dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.
- Hefur umsjón með félagsmiðstöðinni á opnunartíma.
- Ber ábyrgð á og fer í ferðir/viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar.
- Aðstoðar ungmennaráð sveitarfélaganna.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Æskilegt að hafa lokið námi í tómsunda- eða uppeldisfræði eða tengdum greinum.
- Hafi reynslu af vinnu með unglingum.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga en vinnutími og starfskjör eru sveigjanleg.

Umsóknarfrestur er til 18. júní nk. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 15. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

## Kerhólsskóli



### auglýsir eftir íþróttakennara

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðum og drifandi einstakling með þekkingu og áhuga á skólustarfi.

Um er að ræða kennslu í skólaiþróttum, sundi og mögulega einhverjar fleiri greinar.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari
- Hæfnispróf sundstaða sbr. reglugerð nr. 814/2010
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð hæfni í samskiptum.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Með umsóknum um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólki af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2021. Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólustjóri í síma 480-5520 og jonabjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is

## Laust starf

### - vaktmaður í lðu íþróttahúsi



Staða vaktmannsmanns lðu - íþróttahúss FSU á Selfossi er laus til umsóknar frá og með 15. ágúst 2020.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist á tölvupóstfangið skolameistari@fsu.is.

Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum.

Umsækjandi þarf að senda inn sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 18. júní 2021. Mikilvægt er að tilgreina meðmælendur í umsókninni.

#### Helstu hlutverk vaktmanns í lðu eru m.a.:

- Umsjónarmaður hefur umsjón með íþróttahúsinu, áhöldum, munum, útlánnum á húsnæði og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósum og hita.
- Aðstoðar húsvörð skólans þegar það á við.
- Baðvarsla er í höndum húsvörðar, hreinsun búningsklefa og áhorfendapalla eftir leiki og aðra notkun.
- Umsjónarmaður skal vinna tilfallandi störf við viðhald, s.s. lagfæringu á áhöldum og húsbúnaði, skipti á ljósaperum, minni háttar lagfæringar á vatnslagnakerfi, lagfæringar á dyraumbúnaði, skrá, gluggaumbúnaði og þau störf sem ekki krefjast sérstakrar fagþekkingar og/eða tækjabúnaðar.
- Umsjónarmaður annast ræstingu í lðu á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst.
- Hefur eftirlit með loftræsti- og hitakerfum, annast eftirlit með þeim.
- Hefur umsjón með öryggismálum og fylgist með myndavélakerfum í skólalúsnæðinu.
- Hefur umsjón með hreinsun, slætti og viðhaldi lóðar og bílastæða.
- Auk ýmissa annarra verkefna sem til falla til í samvinnu við stjórnendur.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu við vinnu í íþróttahúsi/sundlaug.

Leitað er eftir skipulögðum og reglusömum einstaklingi með áhuga á að vinna með fólki. Umsækjandi þarf að hafa frumkvæði í starfi, færni í samskiptum, sveigjanleika í samvinnu.

Laun umsjónamanns fasteigna eru samkvæmt gildandi kjarasamningi FOSS og Fjármálaráðherra og stofnanasamningi FSU. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið gefur húsvörður skólans, Karl Ágúst Hoffritz karl@fsu.is eða Olga Lísu Garðarsdóttir skolameistari, á netfangið, skolameistari@fsu.is eða í síma 480 8100 á skrifstofutíma. Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðunni, www.fsu.is

Skólameistari

## Formleg opnun Vitaleiðarinnar



Um að gera að kynna sér Vitaleiðina betur, bæði fyrir heimamenn og aðkomufólk.

Laugardaginn 12. júní nk. Lopnar nýjasta ferðaleið Suðurlands sem nefnist Vitaleiðin. Leiðin er tæplega 50 km og liggur frá Selvogsvita í vestri að Knarrarósvita í austri. Vitaleiðin býður upp á fjölbreyttan ferðamáta meðfram strandlengjunni, heimsóknir inn í þrjú þorp og þrjá vita.

### Vitarnir leiða ferðamenn inn á svæðið

Hugmyndin vaknaði hjá Markaðsstofu Suðurlands þegar verið var að vinna að ferðaleiðaverkefni þar sem meðal annars verið var að skoða ýmis þemu. Vitinn er sá sem hefur leiðbeint sjómönnum og stýrt þeim á áfangastað í gegnum árin. Þannig tengjum við vitana inn í ferðabjónustuna og nýtum þannig vitana til að leiðbeina

ferðamönnum inn á svæðið og um svæðið, segir í tilkynningu frá Markaðsstofu Suðurlands.

Verkefnið er samvinnuverkefni Markaðsstofu Suðurlands og sveitarfélaganna Árborgar og Ölfuss sem hófst árið 2019. Samstarfið byggðist á því að ramma inn leiðina og draga fram tækifærin og fjölbreytileikann sem ferðaleiðin býður upp á fyrir gesti að upplifa. Auk þess voru þjónustuaðilar á svæðinu kallaðir í vinnustofur til að koma með sitt innlegg inn í vinnuna og verkefnið. Afurð samvinnunnar er Vitaleiðin sem verður formlega opnuð á laugardaginn.

### Vitaleiðin öðruvísi en það sem fyrir er

Markmiðið með Vitaleiðinni er að draga athygli ferðamanna,

bæði innlendra og erlendra, að svæðinu sem liggur á milli vitanna Selvogsvita og Knarrarósvita. Vitaleiðin er steinsnar frá Þjóðvegi 1 og Gullna hringnum og er góð viðbót í flóru ferðaleiða á Suðurlandi og á Íslandi. Hún býður upp á marga möguleika í þróun áfangastaða, hjálpar til að laða gesti að svæðinu og leiða þá í gegnum þorpin þrjú, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri. Innan svæðisins má upplifa fjölbreytta náttúru og dýralíf, þá sögu og menningu sem svæðið býr yfir og fjölbreytta afþreyingu og þjónustu. Vitaleiðin er tilvalin fyrir þá sem vilja ferðast hægar yfir, njóta og vinda ofan sér með aðstoð kyrrðarinnar í náttúrunni en um leið saga í þig orkuna frá Atlantshafinu. Tilvalið er að nýta helgina til að byrja að kynna sér Vitaleiðina með því að ganga, hjóla eða hlaupa styttri eða lengri leið á Vitaleiðinni t.d. frá Knarrarósvita í austri eða Selvogi og mætast við Stað á Eyrarbakka um kl. 13 á laugardaginn þegar bæjarstjórar Árborgar og Ölfuss opna Vitaleiðina formlega.



**D-H BÓKHALD**

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir  
MACC í viðskiptafræði  
dhbokhald@gmail.com  
s. 6933708

**Lagnabjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar rafslagir

**HP**

**HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar  
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,  
bón, gluggabreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
Frecint um allt Suðurland

**Jiibbii**

**Siggafærdir**

- Flutningaþjónusta -  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**Rétting og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
☎ 480 8020

**FYIGD**

Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eirisdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NYTT**

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!

**BYKO** Selfossi

Fæst hjá

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Hjólbarðabjónusta  
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**HM**

Hjólbarðar  
Betri vörur - betra verð

**Sprettur**

**ÁBURÐUR**

Skeljungur  
Lúvök Bergmann, Vöðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is